

Sp.

47. Tillaga til þingsályktunar

[34. mál]

um byggingu kennaraskólans.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að halda áfram byggingu nýs kennaraskóla, sem undirbúin hefur verið undanfarin ár og veitt hefur verið til fjárupphæð, er nemur á fjórðu milljón króna.

Greinargerð.

Kennaraskóli Íslands hefur um langt skeið búið við lélegri húsakost en flestar menntastofnanir landsins. Háir það mjög hinni þýðingarmiklu starfsemi hans. Fyrir nokkrum árum var því tekin upp barátta fyrir nýrri kennaraskólabyggingu. Bar hún þann árangur, að á árunum 1953—57 var samtals veitt 3.1 milj. kr. á fjárlögum til byggingarinnar. Var síðan hafizt handa um að grafa grunn nýs skóla. Nemur útlagður kostnaður við það um 200 þús. kr. Virtist sem lausn húsnæðisvandamáls stofnunarinnar væri nú skammt undan.

En á þessu ári hafa byggingarframkvæmdir við þetta nauðsynlega mannvirki með öllu legið niðri. Hefur það vakið mikla óánægju, ekki aðeins meðal kennarastéttarinnar og forráðamanna skólans, heldur og meðal allra þeirra, sem þekkja hin óviðunandi húsnæðisskilyrði, sem kennaraskólinn býr nú við. Fé er fyrir hendi til þess að koma nýrri skólabyggingu töluvert áleiðis. En ríkisstjórnina virðist skorta áhuga á málinu. Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að henni verði falið að halda byggingu kennaraskólans áfram, eins og undirbúið hafði verið af fyrrverandi menntamálaráðherra.